

L Ö G

31

13. júní

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála
og um vitabyggingar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

- a. Á eftir orðunum „Á Búðahrauni ... ljósviti“ í 9. gr. laganna komi: Við Grundarfjörð ... ljósviti.
- b. Á eftir orðunum „Á Glettinganesi ... hljóðviti“ í sömu lagagrein komi: Á Brimnesi við Seyðisfjörð ... ljósviti.
- c. Á eftir orðunum „Á Seley ... hljóðviti“ í sömu lagagrein komi: Á Hafnarnesi ... ljósviti, endurbygging.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

32

13. júní

um breyting á lögum nr. 103 3. maí 1935, um breyting á lögum nr. 72
7. maí 1928, um hvalveiðar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Árin 1938 til 1940 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veið-